

Sumir vilja sannleikann
setja í búr og hlekkj'ann
Þegar úti ærslast hann
er svo vont að þekkj'ann.

Hermann Jóhannesson

Logið get ég lengi og hratt,
svo létt að flestir trúá.
En þurfi ég að segja satt
ég sýnist vera að ljúga.

Slúðrið oft á flakk það fer,
furðu létt og rennandi,
en sannleikurinn oftast er
ansi lítið spennandi.

Sigrún Haraldsdóttir

Oft á kvöldin yrki ég
undarlegar vísur.
Hátta svo og hiklaust dreg
heldur smáar ýsur.

Teyga stóra tek ég mér
tæmi marga kúta
sofna fast og síðan sker
sílsþikaða hrúta.

Ragnar Böðvarsson

Á vísun fráoma fólkið hér
fer ég vart að mata
því að maður oftast er
eins og biluð plata.

Jón Ingvar Jónsson

Fundir og kvæðalagaæfingar haustið 2011

Allir fundir og æfingar félagsins fara fram í Gerðubergi í Breiðholti og hefjast klukkan 20:00. Félagsmenn í Iðunni eru hvattir til að taka með sér gesti á fundina og æfingarnar líka.

1	5. október, miðvikudagur 7. október, föstudagur	kvæðalagaæfing félagsfundur (vísnanefnd sér um dagskrá)
2	2. nóvember, miðvikudagur 4. nóvember, föstudagur	kvæðalagaæfing félagsfundur (rímnalaganefnd sér um dagskrá)
3	7. desember, miðvikudagur 9. desember, föstudagur	kvæðalagaæfing jólafundur (stjórnin sér um dagskrá)



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

113. tölublað – 32. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2011

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Haustferð Iðunnar

Nú er komið að haustferðinni. Að þessu sinni verður farið á hagrðingamót vestur í Stykkishólmi. Leiðin þangað er aðeins lengri en venjulega því fyrst verður ekið út eftir Snæfellsnesi að sunnanverðu. Þegar komið er að Arnarstapa verður afhjúpað þar minnismerki um Guðmund Bergþórsson rímna-skáld, því þar bjó hann lengst, í Hólsbúð. Minnismerkið sem unnið er af listamanninum Páli Guðmundssyni á Húsafelli er steinsúla úr stuðlabergi með vinstri handar hnefa ofaná. Þannig má virðast sem hnefinn sé að reka stuðulinn ofan í landið. Staðurinn fyrir verkið er alveg sérstaklega vel valinn og er að öllum líkindum við hliðina á hinni fornu Hólsbúð.

Farið verður í rútu frá Umferðarmiðstöðinni klukkan 9.00 þann 3. september og eins og fyrr segir ekið að Arnarstapa þar sem súpa verður á boðstólum og minnismerkið vígt. Síðan verður farið fyrir Jökul og haldið sem leið liggur í Stykkishólmi. Á hótelinu í Stykkishólmi fer fram þetta kvöld, hagrðingamót sem Iðunnarfélagar munu taka þátt í með borðhaldi og skemmtiatriðum. Að skemmtun lokinni verður svo aftur farið til Reykjavíkur. Fararstjórar verða tveir annálaðir fróðleiksmenn, þeir Njáll Sigurðsson og Steindór Andersen og munu þeir halda ferðalöngum upplýstum um það hvar rútan er stödd á hverjum tíma.

Eða, eins og Hermann hefur sagt:

Senn mun þjóðin þyrst og ólm
þreyta kapphlaup vestur í Hólmi,
dvelja um stund við ljóðaleik,
lepja vín og eta steik.

Talsverður kostnaður fylgir því að fara í svona ferð og eru menn varaðir

við því að í heildina mun ferðin kosta 12.000 krónur. Þar í er rútuferðin, súpa á Arnarstapa ásamt aðgangi á hagyrðingamótið með þeim dýrindis steikum sem þar verða á borðum. Þeir sem ætla í ferðina ættu að skrasetja sig sem fyrst því rútan hefur ekki nema fimmtíu sæti. Skráning fer fram hjá Steindóri í síma 863-7887 og 565-2652 eða í netfanginu sandersen@simnet.is.

Hvað er betra en steikt lambafille með ofnbökuðu rötargrænmeti, fondant kartöflum og portvínssósu? Ég bara spyr.

Kvæðamál

Brúðkaupið mikla

Líða burtu leit hann ský
lánið mest sem elti.
Hrói, frægi haninn í
hjónaband sér skellti.

Fyrrum Hróa dreymdi um Dröfn,
dreif í lokatakí.
Var nú kominn heill í höfn
heiðurs ektamaki.

Hamingjuna hjónin þrá,
heillatíð sér búna.
En hvort þau mun ómegð hrjá
ekki veit ég núna.

Bjarni Valtýr Guðjónsson

Ástarljóð

Formaðurinn finnst mér vera
fallegastur kalla.
Með styrka vöðva, stæltu og svera
og stífbónaðan skalla.

Sigrún Haraldsdóttir

Alla daga utan stans
auðnuveginn gakktu,
leiðir greiðar lífs í dans
listilega aktu.

Ljúfa snótin létt í spori
ljósin augna blika skýr.
Eins og blómin upp á vori
opna krónu og brosa hýr.

Sigurður Sigurðarson

Um Ásu Ketilsdóttur

Þegar Ása þylur ljóðin
þagna aðrir við
ótæmandi orðasjóðinn
ómælt brjóstvitið.

Ljóðafljóðið, ljóðamóðir
ljóð vill bjóða oss.
óðar fróður óðarbróðir
óð með góðan koss.

Sigurður Sigurðarson

Hvatningarsálmur

Snæfellsnesið snúum á
snögg þar hreppum gaman.
Þar má ýmis undur sjá
af þeim hafa gaman.

Fimur skaltu fljóta með
foldir bragsins könnum,
þarna okkar gleðja geð
gæðakvæði í hrönnum.

Auðga skaltu innri sjóð,
eflum gleði saman.
Eta, drekka, yrkja ljóð
enn er besta gaman.

Þetta verður frábær ferð
fráleitt vomið.
Auglýsingu yrkja verð
öll svo komið.

Káta ferð um kvæðalönd
klókur skaltu panta.
Gríptu mal og miða í hönd,
mun þá ekkert vanta.

Helgi Zimsen

Icesave

Öll við munum úti frjósa
ef að líkum kjörið fer.
Fráleitt þjóðin fer að kjósa
frið ef stríð í boði er.

Jón Ingvar Jónsson

Útrásarvikingaminning

Ágirnd tel ég þarfaping,
því mér finnst hún aldrei treg.
Fengið hef ég stundum sting,
steli aðrir meira en ég .

Öfund skerpir auma sjón.
Á því leikur tæpast vafi.
Þetta vita þessi hjón
og þú sem áðan féllst í stafi.

Sigurður Þór Bjarnason

Stundar mjög að stríða mér
stundarklukkan hraðgeng enn.
Stundir langar styttest er
stunda rímlist kvæðamenn.

Sumir hefja hæpin kaup
og hefja lánin nokkuð oft.
Heldur vil ég hefja stauþ
og hefja nokkra steina á loft.

Upp ég ljúka einnig vil
orðasjóð sem lokað var.
Lokavísu að lokum þyl
og lýk svo iðkun kveðskapar.

Ragnar Böðvarsson

Einatt kvæði yndisleg
yrki í svefni heima
er svo vakna alltaf ég
öllu er búinn að gleyma.

Helgi Zimsen